

2007:13 • 14. desember 2007

Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2007

Quarterly government accounts, 3rd quarter 2007

Samantekt


Á 3. ársfjórðungi 2007 nam tekjuafgangur hins opinbera 13 milljörðum króna samanborið við 17,3 milljarða króna á sama tíma 2006. Sem hlutfall af landsframleiðslu var tekjuafgangurinn 1,1% og sem hlutfall af tekjum hins opinbera 8,7%. Á fyrstu 9 mánuðum ársins mældist tekjuafkoma hins opinbera jákvæð um 41,9 milljarða króna, sem samsvarar 3,4% af landsframleiðslu, en á sama tíma 2006 var tekjuafkoma hins vegar jákvæð um 50,2 milljarða króna, eða 4,3% af landsframleiðslu eins og sjá má á töflu 1.

Tekjuafkoma ríkissjóðs og almannatrygginga var jákvæð um 11,8 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi 2007 samanborið við 16,6 milljarða króna árið áður og um 38,3 milljarða króna á fyrstu 9 mánuðum ársins samanborið við 47,7 milljarðar króna árið 2006. Tekjuafkoma sveitarfélaganna var einnig jákvæð á 3. ársfjórðungi 2007 eða um 1,2 milljarða króna og því heldur hagstæðari en á sama tíma 2006. Fyrstu 9 mánuði 2007 mældist tekjuafgangur sveitarfélaganna 4,1 milljarður króna en það svarar til 3,1% tekna þeirra.

Vöxtur tekna hins opinbera milli ársfjórðunga frá fyrsta ársfjórðungi 2004 hefur verið um 3,2% að meðaltali á sama tíma og vöxtur útgjalda hins opinbera hefur verið um 2,5%. Meðalhækkun neysluverðs milli ársfjórðunga á þessu tímabili hefur verið ríflega 1,2%.

Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera uppsöfnuð eftir ársfjórðungum

Figure 1. General government financial balance aggregated by quarters



Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera námu rúmlega 150 milljörðum króna á 3. ársfjórðungi og 446 milljörðum á fyrstu 9 mánuðum ársins

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 150,1 milljarður króna á 3. fjórðungi 2007 samanborið við 140,4 milljarða króna á sama tímabili 2006. Nemur hækkunin um 6,9%. Skatttekjur og trygginga-gjöld vega langþýngst og skila hinu opinbera 128,1 milljarði króna samanborið við 121,2 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2006 eins og sjá má í töflu 5. Fyrstu 9 mánuði ársins 2007 námu tekjur hins opinbera 446 milljörðum króna samanborið við 412 milljarða króna á sama tíma 2006 og er hækkunin milli ára 8,3%.

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 3. fjórðungi 2006 og 2007

Table 1. General government finances in 3rd quarter 2006 and 2007

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2006 3. ársfj. 3rd quart.	2007 3. ársfj. 3rd quart.	Breyting % Change %	2006 1.-3. ársfj. 1-3 quart.	2007 1.-3. ársfj. 1-3 quart.	Breyting % Change %
1. Heildartekjur Total revenue	140,4	150,1	6,9	412,0	446,0	8,3
2. Heildarútgjöld Total expenditure	123,1	137,1	11,4	361,8	404,1	11,7
2.1 Fjárfesting Investment	13,2	13,0	-1,5	35,3	34,6	-2,0
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	17,3	13,0	•	50,2	41,9	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Financial balance % of total revenue	12,3	8,7	•	12,2	9,4	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	1,5	1,1	•	4,3	3,4	•

... útgjöldin mældust hins vegar rúmlega 137 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi og rúmlega 404 milljarðar króna á fyrstu 9 mánuðum ársins

Á þriðja ársfjórðungi 2007 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera verði 137,1 milljarður króna samanborið við 123,1 milljarð króna árið 2006 og er hækkunin 11,4% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 47,8 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 32,1 milljarður króna og félagslegar tilfærslur til heimila 19,8 milljarðar króna. Þá er áætlað að vaxtagjöld hins opinbera verði 8,4 milljarðar króna á þessum þriðja ársfjórðungi 2007 og opinber fjárfesting 13 milljarðar króna. Heildarútgjöld hins opinbera fyrstu 9 mánuði ársins 2007 námu rúmlega 404 milljörðum króna og hækkuðu um 11,7% frá sama tíma 2006. Fjárfesting hins opinbera lækkaði lítillega milli þessara tímabila.

Tekjuafgangur hins opinbera var 13 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2007 og um 42 milljarðar króna á fyrstu 9 mánuðum ársins

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist jákvæð um 13 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2007 samanborið við 17,3 milljarða króna á sama tíma 2006, eða sem nemur 1,1% af landsframleiðslu og 8,7% af tekjum. Fyrstu 9 mánuði 2007 mældist tekjuafgangur hins opinbera 41,9 milljarðar króna eða sem samsvarar 3,4% af landsframleiðslu. Á sama tíma 2006 var tekjuafgangurinn hins vegar 50,2 milljarðar króna, eða 4,3% af landsframleiðslu (sjá töflu 1).

Ríkissjóður

Tekjuafgangur ríkissjóðs er rúmlega 8 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi, eða 0,7% af vergri landsframleiðslu

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs hafi verið 110,8 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2007 og heildarútgjöld 102,7 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því jákvæður um 8,1 milljarð króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 0,7% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um 6,7% frá sama tíma 2006 og útgjöldin um 14,1%. Tekju-

jöfnuðurinn er því nokkuð óhagstæðari en á þriðja ársfjórðungi 2006. Á tekjuhliðinni er hækkunin mest í sköttum á tekjur og hagnað og eignatekjum, en á gjaldahlið í fjárframlögum til almannatrygginga.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 3. ársfjórðungi 2006 og 2007

Table 2. Central government finances in 3rd quarter 2006 and 2007

Fjárhæðir í milljörðum króna	2006	2007	Breyting	2006	2007	Breyting
<i>Figures in billion ISK</i>	3. ársfj.	3. ársfj.	%	1.–3. ársfj.	1.–3. ársfj.	%
	<i>3rd quart.</i>	<i>3rd quart.</i>	<i>Change %</i>	<i>1–3 quart.</i>	<i>1–3 quart.</i>	<i>Change %</i>
1. Heildartekjur						
<i>Total revenue</i>	103,9	110,8	6,7	301,6	327,2	8,5
2. Heildarútgjöld						
<i>Total expenditure</i>	90,0	102,7	14,1	259,2	293,7	13,3
2.1 Fjárfesting						
<i>Investment</i>	4,8	5,3	10,1	11,9	13,1	10,1
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)						
<i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	13,9	8,1	•	42,5	33,6	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum						
<i>Financial balance</i>						
<i>% of total revenue</i>	13,4	7,3	•	14,1	10,3	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF						
<i>Financial bal. % of GDP</i>	1,2	0,7	•	3,7	2,7	•

Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði 96,5 milljörðum króna, eða 87% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 49,2 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 31,5 milljörðum króna og tryggingagjöldin 9,8 milljörðum króna. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu 32,2 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2007. Launaútgjöld ríkissjóðs námu 25,7 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu 16,7 milljörðum króna.

Tekjur ríkissjóðs fyrstu 9 mánuði ársins 2007 námu 327,2 milljörðum króna samanbórið við 301,6 milljarða króna á sama tíma 2006 og er hækkunin 8,5% milli ára. Útgjöldin hækkuðu hins vegar um 13,3% á sama tíma en þau námu 293,7 milljörðum króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007. Tekjuafgangurinn var því heldur óhagstæðari á þessu 9 mánaða tímabili, eða 33,6 milljarðar króna samanbórið við 42,5 milljarða króna 2006.

Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var jákvæð um 1,2 milljarða króna á 3. ársfjórðungi

Heildartekjur sveitarfélaganna á 3. ársfjórðungi 2007 eru áætlaðar 43 milljarðar króna og heildarútgjöld 41,8 milljarðar króna. Tekjuafgangur þess ársfjórðungs er því áætlaður um 1,2 milljarðar króna, eða sem nemur 0,1% af landsframleiðslu. Þetta er heldur hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2006 þegar tekjuafkoman var 0,7 milljarðar króna. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um 7,4% frá sama tíma í fyrra og útgjöldin um 6,2%.

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 22,8 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2007, eða 53% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu 8,8 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði 3,9 milljörðum og eignatekjur 7,5 milljörðum króna. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða um 45% útgjaldanna, en 18,8 milljarðar króna voru greiddar í laun á þriðja ársfjórðungi 2007.

Kaup á vöru og þjónustu numu 9,9 milljörðum króna og fjárfestingin 7,7 milljörðum króna.

Tekjur sveitarfélaga fyrstu 9 mánuði ársins námu 129,4 milljörðum króna samanbórið við 120,2 milljarða króna 2006 og er hækkunin 7,7% milli ára. Útgjöldin hækkuðu hins vegar heldur minna, eða um 6,6%, og námu 125,4 milljörðum króna. Tekjuafgangurinn var því hagstæðari á þessu tímabili en árið á undan, en hann nam 4,1 milljarði króna, eða 0,3% af landsframleiðslu.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 3. fjórðungi 2006 og 2007

Table 3. Local government finances in 3rd quarter 2006 and 2007

Fjárhæðir í milljörðum króna <i>Figures in billion ISK</i>	2006 3. ársfj. <i>3rd quart.</i>	2007 3. ársfj. <i>3rd quart.</i>	Breyting % <i>Change %</i>	2006 1.–3. ársfj. <i>1–3 quart.</i>	2007 1.–3. ársfj. <i>1–3 quart.</i>	Breyting % <i>Change %</i>
1. Heildartekjur <i>Total revenue</i>	40,0	43,0	7,4	120,2	129,4	7,7
2. Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	39,3	41,8	6,2	117,7	125,4	6,6
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	8,4	7,7	-8,1	23,4	21,5	-8,1
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	0,7	1,2	•	2,5	4,1	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	1,8	2,9	•	2,1	3,1	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	0,1	0,1	•	0,2	0,3	•

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem nær til um tveggja þriðju hluta íbúafjöldans, og er það uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn, eða sem nemur þeim mun.

English summary

In the 3rd quarter of 2007, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 13 billion ISK in surplus or 1.1% of GDP and 8.7% of general government total revenue. This can be compared with a surplus of 1.5% of GDP and 12.3% of general government total revenue in the 3rd quarter of 2006. In the first nine months of 2007, the financial balance of the general government was 41.9 billion ISK in surplus or 3.4% of GDP, which can be compared with a surplus of 4.3% of GDP for the same period in 2006 (see Figure 1).

The financial balance of the central government and the social security funds was in surplus by 11.8 billion ISK in the 3rd quarter of 2007 and by 38.3 billion ISK for the first nine months of the year. This can be compared with a surplus of 16.6 billion ISK in the 3rd quarter of 2006 and 47.7 billion ISK for the first nine months of 2006. The financial balance of the local governments was in surplus by 1.2 billion ISK in the 3rd quarter of 2007 or by 4.1 billion ISK for the first nine months of 2007 (see table 3).

The general government total revenue has increased on average by 3.2% between quarters since the first quarter of 2004 at the same time as the general government total expenditure has increased by 2.5%. The corresponding increase in the consumer price index has been 1.2%.

The revenue and expenditure figures for the general government and its subsectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2004–2007*Table 4. Quarterly Government Finances 2004–2007*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna			Tekjujöfnuður			
<i>Billion ISK at current prices</i>			þar af		hlutfall af	Tekjujöfnuður
Heildartekjur	Heildarútgjöld	fjárfesting	Tekjujöfnuður	heildartekjum	hlutfall af	VLF
<i>Total revenue</i>	<i>Total expenditure</i>	<i>- thereof investment</i>	<i>Financial balance</i>	<i>Financial balance % of total revenue</i>	<i>Financial balance % of GDP</i>	
(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)			
Híð opinbera The General Government						
2004	409,5	409,2	35,9	0,3	0,1	0,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	96,3	97,7	6,8	-1,4	-1,5	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	99,4	102,5	10,7	-3,1	-3,1	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	105,6	107,9	10,8	-2,4	-2,2	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	108,2	101,0	7,7	7,2	6,6	0,8
2005	483,6	433,3	31,8	50,2	10,4	4,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	114,0	102,9	6,1	11,1	9,7	1,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	117,4	111,2	8,9	6,1	5,2	0,6
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	124,2	109,5	10,5	14,7	11,8	1,4
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	128,0	109,7	6,3	18,3	14,3	1,8
2006	560,5	486,6	45,6	73,9	13,2	6,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	134,4	115,5	9,3	18,9	14,1	1,6
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	137,3	123,3	12,7	13,9	10,2	1,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	140,4	123,1	13,2	17,3	12,3	1,5
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	148,5	124,8	10,3	23,7	15,9	2,0
2007	•	•	•	•	•	•
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	148,6	129,2	9,1	19,5	13,1	1,6
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	147,3	137,9	12,5	9,4	6,4	0,8
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	150,1	137,1	13,0	13,0	8,7	1,1
Ríkissjóður The Central Government						
2004	306,9	297,6	16,5	9,3	3,0	1,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	70,8	70,5	2,9	0,3	0,5	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	73,6	74,4	4,8	-0,8	-1,1	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	80,5	80,5	4,9	0,0	0,0	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	82,0	72,2	3,8	9,8	11,9	1,1
2005	363,6	318,0	13,2	45,6	12,5	4,5
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	83,8	75,3	2,4	8,6	10,2	0,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	87,5	81,1	3,3	6,5	7,4	0,6
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	94,8	80,8	4,9	14,0	14,8	1,4
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	97,4	80,9	2,6	16,5	17,0	1,6
2006	412,8	350,8	15,6	62,0	15,0	5,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	97,6	83,0	2,7	14,6	15,0	1,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	100,1	86,2	4,3	14,0	13,9	1,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	103,9	90,0	4,8	13,9	13,4	1,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	111,2	91,7	3,7	19,5	17,6	1,7
2007	•	•	•	•	•	•
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	108,9	94,4	3,0	14,4	13,3	1,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	107,6	96,6	4,8	11,0	10,2	0,9
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	110,8	102,7	5,3	8,1	7,3	0,7

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2004–2007 (frh.)

Table 4. Quarterly Government Finances 2004–2007 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna			Tekjujöfnuður			
Billion ISK at current prices			þar af		hlutfall af	Tekjujöfnuður
Heildartekjur	Heildarútgjöld	fjárfesting	Tekjujöfnuður	heildartekjum	hlutfall af VLF	
Total revenue	Total expenditure	- thereof investment	Financial balance	Financial balance % of total revenue	Financial balance % of GDP	
(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)			
Sveitarfélög The Local Governments						
2004	112,8	119,9	19,3	-7,1	-6,3	-0,8
1. ársfjórðungur 1st quarter	27,8	28,6	3,9	-0,8	-2,7	-0,1
2. ársfjórðungur 2nd quarter	28,4	31,4	5,8	-2,9	-10,3	-0,3
3. ársfjórðungur 3rd quarter	27,7	30,0	5,8	-2,3	-8,4	-0,2
4. ársfjórðungur 4th quarter	28,8	29,9	3,9	-1,1	-3,9	-0,1
2005	130,7	129,7	18,5	1,0	0,8	0,1
1. ársfjórðungur 1st quarter	32,7	30,9	3,7	1,9	5,7	0,2
2. ársfjórðungur 2nd quarter	32,5	33,5	5,5	-1,1	-3,3	-0,1
3. ársfjórðungur 3rd quarter	32,0	32,5	5,5	-0,4	-1,4	0,0
4. ársfjórðungur 4th quarter	33,4	32,8	3,7	0,7	2,0	0,1
2006	161,2	157,4	30,0	3,8	2,3	0,3
1. ársfjórðungur 1st quarter	40,0	37,6	6,6	2,5	6,1	0,2
2. ársfjórðungur 2nd quarter	40,1	40,8	8,4	-0,6	-1,6	-0,1
3. ársfjórðungur 3rd quarter	40,0	39,3	8,4	0,7	1,8	0,1
4. ársfjórðungur 4th quarter	41,0	39,7	6,6	1,2	3,0	0,1
2007	•	•	•	•	•	•
1. ársfjórðungur 1st quarter	43,3	40,5	6,1	2,8	6,6	0,2
2. ársfjórðungur 2nd quarter	43,1	43,1	7,7	0,0	-0,1	0,0
3. ársfjórðungur 3rd quarter	43,0	41,8	7,7	1,2	2,9	0,1
Almannatryggingar The Social Security Funds						
2004	74,0	75,9	0,1	-1,8	-2,5	-0,2
1. ársfjórðungur 1st quarter	17,7	18,7	0,0	-1,0	-5,8	-0,1
2. ársfjórðungur 2nd quarter	19,2	18,6	0,0	0,7	3,5	0,1
3. ársfjórðungur 3rd quarter	19,4	19,4	0,0	0,0	-0,1	0,0
4. ársfjórðungur 4th quarter	17,7	19,2	0,0	-1,5	-8,3	-0,2
2005	81,2	77,6	0,1	3,6	4,4	0,4
1. ársfjórðungur 1st quarter	19,8	19,1	0,0	0,7	3,3	0,1
2. ársfjórðungur 2nd quarter	20,7	20,0	0,0	0,7	3,6	0,1
3. ársfjórðungur 3rd quarter	20,4	19,2	0,1	1,1	5,6	0,1
4. ársfjórðungur 4th quarter	20,4	19,3	0,0	1,1	5,2	0,1
2006	90,8	82,7	0,0	8,1	8,9	0,7
1. ársfjórðungur 1st quarter	22,3	20,5	0,0	1,9	8,4	0,2
2. ársfjórðungur 2nd quarter	21,3	20,7	0,0	0,6	2,8	0,1
3. ársfjórðungur 3rd quarter	23,3	20,6	0,0	2,7	11,7	0,2
4. ársfjórðungur 4th quarter	23,8	20,9	0,0	2,9	12,2	0,2
2007	•	•	•	•	•	•
1. ársfjórðungur 1st quarter	25,6	23,3	0,0	2,3	9,1	0,2
2. ársfjórðungur 2nd quarter	22,2	23,6	0,0	-1,4	-6,3	-0,1
3. ársfjórðungur 3rd quarter	27,3	23,4	0,0	3,8	14,0	0,3

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2006–2007*Table 5. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2006–2007*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2006					2007		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	560,5	134,4	137,3	140,4	148,5	148,6	147,3	150,1
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	445,4	106,7	109,1	111,4	118,2	116,6	114,4	118,3
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	213,6	50,4	51,5	48,2	63,5	60,4	57,9	54,3
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,4	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	24,7	6,8	6,3	5,4	6,1	7,5	7,6	7,7
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	200,6	48,1	50,0	55,4	47,1	46,9	47,6	53,3
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	4,6	1,1	1,1	1,3	1,1	1,4	0,9	1,9
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	1,6	0,2	0,2	0,9	0,3	0,3	0,3	1,1
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	38,4	9,1	9,4	9,9	10,0	10,3	10,4	9,8
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,4	0,2	0,1	0,5	0,7	0,1	0,2	0,3
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	75,2	18,4	18,6	18,7	19,5	21,6	22,4	21,7
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	486,6	115,5	123,3	123,1	124,8	129,2	137,9	137,1
21 Laun <i>Wages</i>	178,8	41,7	45,4	44,5	47,2	47,1	49,4	47,8
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	123,4	29,5	31,3	30,2	32,3	31,4	33,2	32,1
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	20,8	5,2	5,2	5,2	5,2	5,9	5,9	5,9
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	25,2	6,3	6,3	6,3	6,3	8,4	8,4	8,4
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	20,3	5,1	4,7	5,3	5,2	5,8	4,6	5,2
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	2,1	0,6	0,6	0,5	0,4	0,9	0,3	1,4
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	66,7	16,7	16,4	16,7	16,8	19,8	19,5	19,8
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	24,8	6,2	5,8	6,4	6,3	6,7	9,9	9,3
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	45,6	9,3	12,7	13,2	10,3	9,1	12,5	13,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-20,8	-5,2	-5,2	-5,2	-5,2	-5,9	-5,9	-5,9
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	73,9	18,9	13,9	17,3	23,7	19,5	9,4	13,0
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	13,2	14,1	10,2	12,3	15,9	13,1	6,4	8,7
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	6,4	1,6	1,2	1,5	2,0	1,6	0,8	1,1

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2006–2007*Table 6. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2006–2007*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2006				2007			
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>						
		I	II	III	IV	I	II	III
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	412,8	97,6	100,1	103,9	111,2	108,9	107,6	110,8
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	328,0	77,7	79,9	81,9	88,5	85,1	82,9	86,7
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	128,1	28,6	30,9	27,5	41,0	36,5	35,3	31,5
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,4	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	7,8	2,6	2,1	1,2	1,9	2,7	2,8	2,9
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	185,6	45,1	45,5	50,9	44,1	44,2	43,6	49,2
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	4,6	1,1	1,1	1,3	1,1	1,4	0,9	1,9
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	1,5	0,1	0,2	0,9	0,3	0,3	0,3	1,1
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	38,4	9,1	9,4	9,9	10,0	10,3	10,4	9,8
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	2,1	0,3	0,1	0,7	1,0	0,2	0,3	0,4
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	44,4	10,5	10,8	11,4	11,7	13,2	14,0	14,0
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	350,8	83,0	86,2	90,0	91,7	94,4	96,6	102,7
21 Laun <i>Wages</i>	98,3	22,7	24,9	24,6	26,1	25,5	26,9	25,7
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	63,8	14,7	16,2	16,0	16,9	15,5	16,9	16,7
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	15,1	3,8	3,8	3,8	3,8	4,4	4,4	4,4
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	20,2	5,1	5,1	5,1	5,1	7,0	7,0	7,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	17,2	4,3	4,0	4,5	4,4	5,0	3,8	4,4
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	105,6	26,0	24,7	27,1	27,7	29,8	25,6	32,2
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	12,2	3,0	2,8	3,2	3,1	3,8	3,4	3,8
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	18,1	4,5	4,2	4,7	4,6	4,9	8,1	7,5
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	15,6	2,7	4,3	4,8	3,7	3,0	4,8	5,3
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-15,1	-3,8	-3,8	-3,8	-3,8	-4,4	-4,4	-4,4
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	62,0	14,6	14,0	13,9	19,5	14,4	11,0	8,1
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	15,0	15,0	13,9	13,4	17,6	13,3	10,2	7,3
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	5,3	1,3	1,2	1,2	1,7	1,2	0,9	0,7

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2006–2007*Table 7. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2006–2007*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2006					2007		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>						
		I	II	III	IV	I	II	III
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	161,2	40,0	40,1	40,0	41,0	43,3	43,1	43,0
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	117,5	29,0	29,3	29,4	29,7	31,5	31,4	31,6
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	85,5	21,8	20,5	20,7	22,5	24,0	22,6	22,8
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	16,9	4,2	4,2	4,2	4,2	4,8	4,8	4,8
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	15,0	3,0	4,5	4,5	3,0	2,7	4,0	4,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	14,1	3,5	3,3	3,6	3,7	3,8	3,6	3,9
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	29,6	7,5	7,5	7,0	7,5	8,1	8,1	7,5
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	157,4	37,6	40,8	39,3	39,7	40,5	43,1	41,8
21 Laun <i>Wages</i>	68,1	16,2	17,3	16,8	17,8	18,5	19,2	18,8
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	39,4	9,8	10,1	9,2	10,4	10,5	10,9	9,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	5,7	1,4	1,4	1,4	1,4	1,5	1,5	1,5
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	5,0	1,2	1,2	1,2	1,2	1,4	1,4	1,4
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	2,9	0,7	0,7	0,7	0,7	0,8	0,8	0,8
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	0,6	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	5,0	1,3	1,3	1,3	1,3	1,3	1,3	1,3
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	6,4	1,6	1,6	1,6	1,6	1,8	1,8	1,8
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	30,0	6,6	8,4	8,4	6,6	6,1	7,7	7,7
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-5,7	-1,4	-1,4	-1,4	-1,4	-1,5	-1,5	-1,5
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	3,8	2,5	-0,6	0,7	1,2	2,8	0,0	1,2
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	2,3	6,1	-1,6	1,8	3,0	6,6	-0,1	2,9
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	0,3	0,2	-0,1	0,1	0,1	0,2	0,0	0,1

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2006–2007*Table 8. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2006–2007*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2006					2007		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>						
		I	II	III	IV	I	II	III
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	90,8	22,3	21,3	23,3	23,8	25,6	22,2	27,3
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	89,5	22,0	21,0	23,0	23,5	25,3	21,8	26,9
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	1,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	82,7	20,5	20,7	20,6	20,9	23,3	23,6	23,4
21 Laun <i>Wages</i>	12,4	2,9	3,2	3,1	3,3	3,2	3,4	3,3
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	20,2	5,0	5,0	5,0	5,0	5,4	5,4	5,5
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	49,4	12,4	12,3	12,3	12,4	14,7	14,7	14,6
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	8,1	1,9	0,6	2,7	2,9	2,3	-1,4	3,8
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	8,9	8,4	2,8	11,7	12,2	9,1	-6,3	14,0
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	0,7	0,2	0,1	0,2	0,2	0,2	-0,1	0,3

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

92. árgangur nr. 68

ISSN 0019-1078

2007:13

ISSN 1670-4657 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series